



**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og skattanefnd**  
**b/t Eiríks Áka Eggertssonar**  
**nefndarritara**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 2. desember 2007.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lagt er til að ákvæði 2. mgr. 7. gr. laganna, er kveður á um óbeina félagsskyldu að stéttarfélagi, verði lagt af.*

Að mati Viðskiptaráðs er brýnt að afnema úr lögum ákvæði er fela í sér óbeina félagsskyldu enda alveg ljóst, eins og kemur fram í greinargerð frumvarpsins, að einstaklingar hljóta að kjósa að gerast félagar verði þeir á annað borð að greiða félagsgjald. Slík ákvæði fela því í sér óbeina félagsskyldu sem ekki verður séð að standist ákvæði stjórnarskrárinnar um félagafrelsi.

Þau gagnrök er greingargerðin nefnir „þema 2“, þ.e. að eðlilegt sé að skylda launafólk til greiðslu félagsgjalds af því að það nýtur þeirra kjara sem félagið nær fram, eru algerlega ótæk. Ef íslenskt launafólk, hefði það tækifærið til, myndi í umvörpum hætta að greiða félagsgjald til tiltekins stéttarfélags þá væru það einföld skilaboð til forystu þess stéttarfélags að hún væri ekki að standa sig sem skildi. Það er öllum aðilum, einkaréttarlegum jafnt sem opinberum, nauðsynlegt aðhald þegar fólk er kleift að kjósa með fótunum. Það á ekki að vera hlutverk löggjafans að tryggja tekjustofna stéttarfélagi.

**Viðskiptaráð leggur því til að frumvarpið nái fram að ganga.**

Virðingarfyllst,

*Haraldur I. Birgisson*

---

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs